



Aðalsteinn Sigfússon sviðsstjóri

Kópavogi, 4. febrúar 2021
2101652/033.03 RMP

Vísað er til neðangreindrar bókunar í bæjarráði 28. janúar sl.

„Frá bæjarfulltrúa Péttri Hrafni Sigurðssyni, fyrirspurn þar sem óskað er eftir upplýsingum er varða sérstakan íþróttastyrk til tekjulágra heimila í Kópavogi.

1. Hversu margar fjölskyldur hafa sótt um og fengið sérstakan íþróttastyrk sem ætlaður er tekjulágum heimilum í Kópavogi?

2. Hversu margar fjölskyldur eiga rétt á slíkum bótum í Kópavogi?

3. Hvernig var kynningu á sérstökum íþróttastyrk háttað til þeirra sem rétt eiga á honum?“

Alls hafa verið afgreiddar 275 umsóknir á tímabilinu 16.11.2020 til 3.2.2020 vegna 259 barna. Veittir styrkir voru samtals kr. 10.386.697,- eða kr. 40.103 að meðaltali á hvert barn.

Skipting eftir kyni var drengir 51% og stúlkur 49% og aldur skv. töflu:

Aldur	Fjöldi	
6 ára	6	Fjöldi barna á aldursbilinu 6 til 16 ára í Kópavogi var 5.634 1. janúar 2020 og því er hlutfall barna með styrk 4,6%.
7 ára	22	
8 ára	31	Undirrituð hefur ekki upplýsingar um hversu margar fjölskyldur hafa rétt á styrk en skv. reglum er skilgreint að með tekjulágum heimilum sé átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.
9 ára	28	
10 ára	35	
11 ára	30	Tekið er fram að á tímabilinu 16.11.2020 til 31.12.2020 var fjöldi barna með styrk 141 samtals að upphæð kr. 5.695.153,- þ.a. umsóknum fjölgaði umtalsvert eftir áramótin.
12 ára	36	
13 ára	30	
14 ára	16	
15 ára	14	
16 ára	11	Styrkur var auglýstur á heimasíðu bæjarins og einnig kynntir fyrir foreldrum barna í þjónustu á velferðarsviði
Alls	259	

Virðingarfyllt,

Rannveig María Þorsteinsdóttir
deildarstjóri